



## Fundargerð

411. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.  
Fimmtudaginn 14. september 2017.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Práinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) var í síma. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt samhljóða að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 410. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 24. ágúst 2017.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 11. ágúst 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1709012 - Reykhólahöfn, staða hafnar og framkvæmdir framundan.

*Sveitarstjórn samþykkir breytingar á gjaldskrá Reykhólahafnar samhljóða.*

2.2 1505002 - Deiliskipulag Kirkjuból, auglýsing.

*Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulag fyrir Kirkjuból verði auglýst að nýju skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

2.3 1708010 - Deiliskipulag Dalur Kvígindisfirði, auglýsing.

*Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulag fyrir Dal Kvígindisfirði verði auglýst að nýju skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

2.4 1603002 - Hyrningsstaðir lóð 8 175990, stofnun lóðar Hesthúshóll.

*Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar Hesthúshóll úr jörðinni Hyrningsstaðir lóð 8 landnr. 175990 og jafnframt landskipti. Samþykkt samhljóða.*

2.5 1709009 - Tröllendi 2, endurbygging geymsluskúrs.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

2.6 1709010 - Fundarboð og dagskrá 8. hafnarfundar aðildahafna að Hafnasambandi Íslands.  
*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

2.8 1709013 - Afsláttur af gatnagerðargjöldum.  
*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Afsláttur á ekki við um ný deiliskipulagt svæði við Hellisbraut. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

### **3. Mennta- og menningarmálanefnd 13. september 2017.**

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

3.1 1706010 - Skóladagatal skólaárið 2017-2018.

*Sveitastjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

3.2 1709002 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

3.3 1709003 - Sérfræðiþjónusta við Reykhólaskóla.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

3.4 1709004 - Stofnun tónlistarskóla við Reykhólaskóla, gjaldskrá og fl.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

3.5 1704015 - Framhaldsskóladeild á Reykhólum.

*Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar. Með Vestfjaðaskýrslunni voru gefnar vonir um stofnun framhaldsskóladeildar á Reykhólum. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að börn undir lögaldri fái að njóta náms í heimabyggð.*

3.6 Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

### **4. Fjallskilanevnd 29. ágúst 2017.**

Farið yfir fundargerðina.

4.1 Fjallskilaseðill 2017, breyting.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

4.2 Krafa um greiðslu fyrir dagsverk 2015 - 2016.

*Fyrir liggur krafa frá skipuðum leitarstjóra í Múlasveit fyrir liðin ár, 2015 og 2016. Sveitastjórn samþykkir í fjallskilaseðli hvers árs þau dagsverk sem ætlað er að sveitarfélagið leggi til. Gert er ráð fyrir fjármagni á fjárhagsáætlun hvers árs vegna greiðslu fyrir unnin dagsverk. Fjármagn vegna dagsverka fellur niður um hver áramót sé það ekki sótt á því ári sem um ræðir og færast fjármagnin ekki á milli ára. Samþykkt samhljóða.*

**5. Svæðisskipulagsnefnd 8. fundur 31.8.2017.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

**Mál til afgreiðslu**

**1. 1709015 - Verndun Skálanesshrauns.**

Erindi frá Sveini Hallgrímssyni dagsett 9. júní 2017.

*Sveitarstjórn er jákvæð fyrir erindinu og vísar erindinu í vinnu við breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið, sem nú stendur yfir. Samþykkt samhljóða.*

**2. 1709016 - Afnot af lóð fyrir mótorkrossbraut.**

Erindi frá Aftureldingu dagsett 7. september 2017.

*Um er að ræða lóð nr. 8 við Suðurbraut á skipulögðu iðnaðarsvæði. Sveitarstjórn telur lóðina ekki henta fyrir mótorkrossbraut sökum staðsetningar og hávaðamengunar. ÁMG og VP eru tilbúnir að hitta stjórn Aftureldingar vegna málsins. Samþykkt samhljóða.*

**3. 1709017 - Upptökur á sjónvarpsefni í Flatey.**

Erindi frá Sagafilm, dagsett 14. júlí 2017, er varðar afstöðu sveitarfélagsins til upptöku mynda í Flatey í apríl/maí 2018.

*Sveitarstjórn er jákvæð fyrir áætlunum Sagafilm á landi í eigu sveitarfélagsins í Flatey, með fyrirvara um afstöðu íbúanna sjálfra sem þar búa, auk þess þarf að fara gætilega um svæðið á varptíma fugla, drónaflug er t.d. mjög illa liðið á þeim tíma.*

**4. 1709024 - Fjórðungsþing dagana 28. og 29. september 2017, kjörbréf.**

*Fyrir liggja kjörbréf vegna Fjórðungsþings Vestfirðinga, Reykhólahreppur fer með 564 atkvæði og skiptast þau niður á þrjá fulltrúa frá Reykhólahreppi, ÁBG, ÁMG og SB. Sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf og koma þeim til Fjórðungssambands Vestfirðinga.*

**Mál til kynningar**

**5. 1709018 - Samgönguáætlun 2018-2029. Endurskoðun stefnu í samgöngumálum.**

Afrit af bréfi Fjórðungssambands Vestfirðinga til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dagsett 31. ágúst 2017.

*Lagt fram og kynnt.*

**6. 1709019 - Gögn um húsnæðisstofn aðgengileg.**

Erindi frá Íbúðarlánasjóði dagsett 30. júní 2017.

*Lagt fram og kynnt, sveitarstjóra falið að sækja upplýsingar fyrir Reykhólahrepp.*

7. 1709020 - Skýrsla starfshóps um endurskoðun á varnarlínum vegna sauðfjársjúkdóma.

*Skýrsla lögð fram og kynnt.*

8. 1703018 - Fundargerð 851. og 852. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Fundargerðir lagðar fram.*

9. 1702011 - Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 23. ágúst og 6. september 2017.

*Fundargerðir lagðar fram.*

10. 1709021 - Ársskýrsla Minjaverndar 2016.

*Lagt fram.*

11. 1709022 - Ársskýrsla og ársreikningur Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

*Lagt fram.*

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

12. 1708011 - Aðildasamningur við Ríkiskaup.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps finnst upphæð samningsins há miðað við stærð sveitarfélagsins og sér sér ekki fært að taka þátt á þeim forsendum sem settar eru af Ríkiskaupum.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:05

_____	_____
_____	_____
_____	_____